

Ferðamálanefnd Fljótshrepps

26.8.2019 kl. 18:30 í Végarði

Mætt: Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir (Skotta), Brynjar Darri S. Kjerúlf (Darri), Gunnar Gunnarsson (GG).

1. Töðugjöld í Fljótshrepps

Veður setti þó nokkurn strik í reikninginn í viðburðum, það dró úr mætingu auk þess sem nokkrir atburðir sem vera áttu utan húss voru færðir inn. Það tókst þó vel með snörum handtökum.

Yfirleitt hefur dagskráin bara verið einn dagur, en var að þessu sinni var gerð tilraun með að hafa dagskrá frá fimmtudegi til sunnudags. Það er tilraun sem nefndin telur að halda megi áfram.

Af einstökum dagskrárliðum má nefna að skoða megi að færa messuna á Skriðuklaustri fram til morguns. Tvær nýjar greinar voru á Pristarleikum, staurakast og skeifukast. Kastið tókst mjög vel, staurakastið hentar ekki börnum en mögulega væri hægt að búa til aflraunakeppni úr því, steinatökunum og jafnvel einni grein í viðbót.

Í aðdraganda helgarinnar var haldinn opinn fundur með hagsmunaðilum um dagskrána. Þar voru nefndar aðrar mögulegar tímasetningar hátíðarinnar, til dæmis verslunarmannahelgina eða tengjast hjólakeppninni Tour de Orminum. Nefndin leggur áherslu á að tímasetning næstu Fljótshreppshelgar verði tekin fyrir sauðburð.

2. Réttardagur

Gunnþórunn Ingólfssdóttir, oddviti, sat fundinn undir þessum lið. Hún sagði frá samtali við stjórnanda Ormsteitis um hátíðina í ár, en réttardagur Fljótshreppinga þann 14. september verður hluti af dagskránni.

Rekstur úr safnhólfi hefst klukkan 11:00. Verið er að kanna með veitingasölu fjáröflunarhóps í Egilsstaðaskóla. Rætt um að hafa sönghlé. Darri ætlar að kanna með forsöngvara.

Nefndin hefur hug á að halda áfram með markað líkt og í fyrra. Finna þarf einhverja til að selja. Skilyrði er að fólk sé að selja eigin framleiðslu. Byrjað verður á að auglýsa á Facebook-auglýsingu Fljótshreppinga og tala við mögulega seljendur. Skotta verður tengilliður við söluna.

Réttarball með Helga Björnssyni og Reiðmönnum vindanna verður haldið í Végarði um kvöldið. Húsnefnd Fljótshrepps heldur utan um ballið.

3. Skiltamál

Ferðamálanefnd ítrekar beiðni sína frá fundi 12. júlí 2018 til hreppsnefndar um að hafin verði vinna við að kortleggja merka staði í Fljótshrepps sem æskilegt sé að merktir verði með skiltum. Eins ítrekar nefndin hugmynd sína frá sama fundi um að tekin verði til gagnarrar skoðunar gerð skiltis við þjóðveginn inn í hreppinn þar sem á myndrænan hátt yrði lýst sérstæðri tölfræði um Fljótshrepps.

4. Ferðamannasumarið í Fljótsdal

Fyrsta tilfinning er að sumarið sé betra en búist var við, þrátt fyrir fall flugfélagsins Wow og leiðindaveður.

Nýr teljari var settur upp við Hengifoss í fyrra og hefur virkað vel. Aðsókn upp að fossinum hefur verið ágæt. Efsti hluti stígsins var lokaður frá páskum fram til verslunarmannahelgar vegna skemmda.

Nýr Hengifoss.is vefur var opnaður í sumar og lítur vel út.

Ferðamálanefnd fagnar nýjum skógarstíg ofan við Skriðuklaustur sem opnaður var á Fljótsdalshelginni.

Ferðamálanefndin lýsir ánægju sinni með verkefnið Fögur framtíð í Fljótsdal og hlakkar til samstarfs við væntanlegan starfsmann þess.

Fundi slitið 20:00

GG ritaði fundargerð